



Minnisblað

Móttakandi: Stjórn sambandsins

Dags.: 18. ágúst 2016

Sendandi: Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

Málsnr.: 1602048SA

Málalykill: 01.71

Efni: Utankjörfundarfundaratkvæðagreiðsla hjá sveitarfélögum við forsetakosningar 2016

Þann 18. apríl 2016 var undirrituð viljayfirlýsing um tilraunaverkefni milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sýslumannafélags Íslands um aukið aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslu við forsetakosningarnar í júní 2016. Í viljayfirlýsingunni var vísað til ákvæða í 58. gr. laga um kosningar til Alþingis, þar sem segir m.a. í a-lið greinarinnar, að sýslumenn geti ráðið sérstaka trúnaðarmenn til þess að annast störf kjörstjóra við utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Tilraunin byggði á því að þau sveitarfélög, sem áhuga hefðu á að taka þátt í tilrauninni og vildu auka þjónustu við íbúa, gætu óskað eftir því að sýslumaður í viðkomandi umdæmi skipaði ákveðinn starfsmann eða starfsmenn viðkomandi sveitarfélags sem kjörstjóra.

Þau sveitarfélög sem tóku þátt í þessu verkefni voru: Akureyrarkaupstaður (Hrísey og Grímsey); Borgarfjarðarhreppur; Breiðdalshreppur; Djúpavogshreppur; Fjarðabyggð; Fljótsdalshérað; Grýtubakkahreppur; Hrunamannahreppur; Hveragerðisbær; Norðurþing; Rangárþing ytra; Skaftárhreppur; Skútustaðahreppur; Sveitarfélagið Ölfus; Þingeyjarsveit; og byggðasamlagið Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita í Árnessýslu. Í Húnaþingi vestra var einstaklingur í sveitarfélaginu skipaður hreppstjóri, sem jafnframt er starfsmaður sveitarfélagsins, en sveitarfélagið var ekki eiginlegur aðili að verkefninu. Atkvæðagreiðslan fór þó m.a. fram á skrifstofu sveitarfélagsins.

Sveitarfélögin hafa skilað greinargerðum til sambandsins um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslunnar.

Í megindráttum er niðurstaðan sú að tilraunaverkefnið hafi gengið vel og að ánægja hafi verið með aukið aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslu hjá íbúum viðkomandi sveitarfélaga og einnig hjá þeim innlendu ferðamönnum sem nýttu sér þjónustuna. Ekki komu upp nein stór vandamál við framkvæmdina. Á einum stað voru ekki nægjanlegir kjörseðlar fyrir hendi til þess að allir sem vildu gætu kosið og nefnt var að þjónustan hafi ekki verið nægjanlega auglýst.

Þjónustan var í boði á skrifstofum sveitarfélaganna eða á bókasöfnum og sinntu ákveðnir starfsmenn sveitarfélaganna henni. Þeir voru skipaðir kjörstjórar af sýslumönnum í viðkomandi umdæmi. Nefnt var að kostur væri að fleiri en einn starfsmaður hvers sveitarfélags væru skipaðir kjörstjórar. Reyndar var það þannig á nokkrum stöðum. Atkvæðagreiðslan stóð í flestum sveitarfélaganna síðustu þrjár vikur fyrir kosningar – frá 6. júní til og með 24. júní.

Óskað var eftir því að sveitarfélögin sem tóku þátt í verkefninu leggðu mat á kostnað við framkvæmd þess. Starfsmenn sveitarfélaganna – á sveitarstjórnarskrifstofum, bókasöfnum og einu tilviki á skipulagsskrifstofu – bættu þessu verkefni við önnur störf sín og var því um aukaálag á viðkomandi starfsmenn að

ræða meðan á því stóð. Sum sveitarfélög nefndu, að reikna mætti með 50% starfi meðan atkvæðagreiðslan var í boði og eitt nefndi að um fullt starf væri að ræða. Í flestum tilvikum þurfti ekki að gera neinar breytingar á húsnæði til þess að það stæðist kröfur kosningalaga eða um aðgengi.

Verði um áframhaldandi samstarf að ræða við framkvæmd utankjörfundar-atkvæðagreiðslu, vegna alþingis- og forsetakosninga eða þjóðaratkvæðagreiðslna, þarf að kostnaðarmeta framkvæmdina og í greinargerðum sveitarfélaganna er það talið eðlilegt að ríkissjóður standi straum af kostnaði við verkefni sem er á hendi ríkisins.

Sveitarfélögin sem tóku þátt í verkefninu eru almennt ánægð með að hafa boðið upp á aukna og betri þjónustu við kjósendur í viðkomandi sveitarfélagi og eru flest tilbúin til þess að bjóða upp á slíka þjónustu áfram, að teknu tilliti til fyrirvara um kostnað, sbr. málsgreinina hér að framan.

Samstarf sambandsins við sýslumenn og starfsmenn innanríkisráðuneytisins var með miklum ágætum.

MKH

Fylgiskjal: Greinargerðir sveitarfélaganna.

Greinargerðir um tilraunaverkefni um utankjörfundaratkvæðagreiðslu hjá sveitarfélögum

Akureyrarkaupstaður (Hrísey og Grímsey)

Akureyrarkaupstaður tók þátt í tilraunaverkefninu um aukið aðgengi utankjörfundaratkvæðagreiðslu í Hrísey og Grímsey.

Í Hrísey kusu 19 og í Grímsey 13. Almenn ánægja var með þetta fyrirkomulag og voru menn ánægðir að geta nýtt sér þessa þjónustu í eyjunum.

Í Hrísey var auglýst að hægt væri að kjósa á opnunartíma skrifstofu Akureyrarkaupstaðar í Hrísey og kom fólk þangað til að kjósa. Aðeins einu sinni þurfti starfsmaðurinn að þjónusta utan opnunartíma. Í Grímsey komu menn heim til viðkomandi og kusu þar.

Við teljum að þetta sé gott framtak og aukin þjónusta við íbúa Hríseyjar og Grímseyjar og sjáum ekki neina vankanta á þessu fyrirkomulagi.

32 kusu.

Borgarfjarðarhreppur

Framkvæmt af sveitarstjóra hreppsins á skrifstofutíma – engin vandræði, enda hefur fyrirkomulagið tíðkast lengi.

15 kusu.

Breiðdalshreppur

Fór fram á skrifstofu sveitarfélagsins á opnunartíma skrifstofu. Verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sá um framkvæmdina. Mjög gott framtak og almenn ánægja með fyrirkomulagið.

Fimmtán manns nýttu sér að kjósa utankjörfundar.

Ekki féll auka kostnaður á sveitarfélagið vegna þessa.

15 kusu.

Djúpavogshreppur

Á skrifstofu Djúpavogshrepps greiddu 50 atkvæði. Fleiri hefðu nýtt sér aðstöðuna hér ef nægir kjörseðlar hefðu borist en þeir voru uppnir eftir hádegi á föstudag 24. júní.

Í sjálfu sér sé ég ekkert að því að við höldum þessu áfram. Þetta er ekki mikil fyrirhöfn en fyrirhöfn þó. Mér telst til að kosningarnar sjálfar hafi tekið u.þ.b. 14 klst. og eru þá ótalin samskipti við sýslumann í aðdraganda og eftir kosningar.

Mikill hagur væri að því að framkvæmdin yrði samræmd enn frekar en nú er gert. Við hér fengum til dæmis orð í eyra vegna þess að við ætluðum kjósendum að fara sjálfir með kjörseðla í póst eins og reglur segja til um. Annars staðar fóru utankjörfundarseðlar í sér kjörkassa, t.d. á Akureyri. Þetta er ekki stórmál en það þarf að vera samræmi.

50 kusu.

Fjarðabyggð

Utankjörfundarstaðirnir tveir voru opnir á almennum tíma bókasafna milli 14:00 og 17:00/19:00 (fimmtudagur) – tvo daga á Fáskrúðsfirði og fjóra daga í Neskaupstað milli 14:00 og 17:00/19:00 (fimmtudagur).

Góð aðsókn var að báðum stöðum þó svo ég sé ekki með nákvæma tölu utankjörfundaratkvæða. Taka ber fram að góð aðsókn var að utankjörfundarstöðum almennt í Fjarðabyggð vegna þessara kosninga.

Ágallar á framkvæmd eru ekki kunnir og ekki hafa komið athugasemdir frá yfirkjörstjórn vegna framkvæmdar.

Beinn kostnaður féll ekki á sveitarfélagið enda vitað að það yrði ekki bætt af hálfu ríkis og því var verkefnið tekið samhliða öðrum störfum safnvarða sem þurftu þá að hliðra reglubundnum verkefnum. Ekki er á þessu stigi farið í að reikna inn afnot eða leigu búnaðar og húsnæðis sem auðvitað eðlilegt væri að gera sem og reiknaða vinnu starfsmanna safnanna. Hinsvegar er ljóst að verði þessu verkefni sinnt af sveitarfélögunum þá ber þess að geta að fulltrúi sýslumanns sem hafði yfirumsjón með framkvæmdinni, heimakosningu, kosningum á hjúkrunarheimilum og samskiptum við yfirkjörstjórn sveitarfélagsins og kjördæmisins er tepptur verulega þær vikur sem kosning þessi stendur.

Það er því um verulega fjármuni að ræða ef þetta verkefni er flutt yfir frá ríki til sveitarfélaga og mikil spurning hvort það sé á annað borð til góðs að draga verkefni frá embættunum og veikja hlutverk þeirra en meira. Verkefnum ríkisvalds í héraði hefur farið fækkandi og það er spurning hvort eigi ekki fremur að láta þeim þetta verkefni eftir með samstarfi líkt og var nú, sem er í sjálfu sér ágæt reynsla af. Það væri fremur að sambandið beitti sér fyrir því að ríkið efldi þjónustu sína í héraði á þeim þó fáu stöðum sem eftir eru því lítið hefur sést af flutningi verkefna til þeirra eins og lofað var með sameiningu þeirra.

206 kusu.

Fljótsdalshérað

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs ákvað að gera tilraun með að bjóða upp á utankjörfundar-atkvæðagreiðslu á vegum sveitarfélagsins fyrir forsetakosningarnar sl. vor. Ástæður þess voru einkum þær að síðan ákveðið var að hafa einungis einn kjörstað á Fljótsdalshéraði, hafa borist kvartanir úr dreifbýlinu, bæði varðandi skerta þjónustu við kosningar og eins og ekki síður hvað aðgengi vegna utankjörfundar-atkvæðagreiðslu í útibúi sýslumanns á Egilsstöðum var oft á tíðum stopult og stuttur opnunartími.

Fyrir forsetakosningarnar í vor var þó nokkuð vel mannað þar og opið frá kl. 9:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00. Margir nýttu sér að kjósa á sýsluskrifstofunni, en ekki liggja fyrir tölur um fjölda þeirra sem kusu þar.

Fljótsdalshérað samdi við starfsmenn bókasafnsins um að sinna utankjörfundar-atkvæðagreiðslunni fyrir sveitarfélagið og bjóða upp á hana á opnunartíma safnsins, eða frá kl. 15:00 til kl. 19:00.

Þetta var í boði í þrjár vikur, frá 6. júní og fram að kjördegi. Þetta fyrirkomulag gekk ágætlega, en svona atkvæðagreiðsla er tímafrek og þurftu gestir bókasafnsins því oft að sýna meiri biðlund en ella, meðan starfsmenn safnsins voru að sinna kjósendum.

108 manns nýttu sér að kjósa utankjörfundar á bókasafninu, þar af 27 síðasta daginn. Þann dag kom fólk víða að því að það var lokað á bókasöfnunum niðri á fjörðum, sem sáu um utankjörfundar-atkvæðagreiðslu fyrir Fjarðabyggð.

Helsti kosturinn við þessa tilraun var langur opnunartími samanlagt á kjörstöðum á degi hverjum og möguleiki á að kjósa eftir hefðbundinn vinnutíma, þar sem bókasafnið var opið til kl. 19:00.

Ókostur er þó að vera með tvo kjörstaði og tvöfalt kerfi starfsmanna og útbúnaðar. (getur þó verið kostur, ef upp koma veikindi starfsmanna)

Ekki hefur verið reiknað út hvaða aukakostnaður gæti hafa fallið á sveitarfélagið vegna þessa, en þar var að mestu um að ræða vinnuframlag starfsmanna bókasafnsins, sem sinntu þessu í sínum vinnutíma og gerðu þá ekki annað á meðan. Ekki væri óeðlilegt að reikna mætti með launum eins starfsmanns þann tíma sem utankjörfundar-atkvæðagreiðsla stendur yfir og þá ekki síst ef sveitarfélögin fara alfarið að taka yfir þessa þjónustu. Í þessu tilfelli Fljótsdalshéraðs var annar kostnaður við framkvæmdina óverulegur, þar sem notað var húsnæði í eigu sveitarfélagsins, sem jafnframt var í öðrum

rekstri, en launa- og húsnæðiskostnaður er fyrst og fremst það sem telur í þessu sambandi. Gróflega reiknað mætti því skjóta á kostnað upp á 400.000.

Komi til þess að ríkið komi þessum verkefnum yfir á sveitarfélögin, verður að tryggja að eðlilegt fjármagn fylgi með til að standa straum að þessum kostnaði, líkt og gert er varðandi kostnað við kosningar á kjördegi.

108 kusu.

Grýtubakkahreppur

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna forsetakosninga þann 25. júní 2016 var með svipuðu sniði og í öðrum kosningu á undanförunum árum.

Í upphafi skipaði Sýslumaður Norðurlands eystra kjörstjóra, Guðrúnu Kristjánsdóttur, bókari hjá Grýtubakkahreppi til að annast utankjörfundaratkvæðagreiðsluna og til vara Auði Öddu Halldórsdóttir starfsmann á skrifstofu Grýtubakkahrepps.

Sýslumaður kom og afhenti fundargerðarbók, kjörseðla og önnur fylgigögn, ásamt stimplum með nöfnum allra frambjóðenda og stimpli merktum kjörstjóra. Fundaerbergi sveitarstjórnar og sparisjóðsins var nýtt sem kjörklefi og gekk vel. Kosningin hófst 2. júní og lauk á kjördag 25. júní. Kosið var á opnunartíma skrifstofunnar 9–16 alla virka daga og einnig var hægt að hringja í kjörstjóra utan opnunartíma en til þess kom ekki. Að morgni 24. júní voru seðlar búnir og var þá sendur starfsmaður til Akureyrar eftir viðbótarseðlum.

54 kusu.

Hrunamannahreppur

Hjá Hrunamannahreppi var boðið upp á utankjörfundaratkvæðagreiðslu frá 13. júní til 24. júní. Kosið var í fundarherbergi á skrifstofu Hrunamannahrepps. Umsjónaraðili með verkefninu var skrifstofustjóri hreppsins.

64 voru skráðir til bókar, þar af voru 13 aðsend atkvæði, þannig að á staðnum kusu 51. 17 af þeim sem kusu voru með lögheimili utan sveitarfélagsins.

Almenn ánægja var meðal þeirra sem hingað komu, að eiga kost á að kjósa utankjörfundar hér.

Talsverður tími fór í að sinna þessu verkefni, tel að lágmark hafi farið tveir heilir vinnudagar í aðkomu að þessu, annar kostnaður er óverulegur.

51 kusu.

Húnaþing vestra

Framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu í Húnaþingi vestra var óbreytt frá fyrri kosningum, þ.e. sýslumaður skipaði hreppsstjóra (starfsmanna sveitarfélagsins) til að sjá um þær. Utankjörfundaratkvæðagreiðslan var ekki á vegum sveitarfélagsins, en fór að mestu leyti samt fram á kaffistofu á skrifstofu sveitarfélagsins.

97 kusu.

Hveragerðisbær

Fyrir forsetakosningar sem fram fóru 25. júní 2016 var Hveragerðisbær með utankjörfundaratkvæðagreiðslu á skrifstofum bæjarins í fyrsta sinn.

Vegna sumarleyfa voru tveir starfsmenn settir sem fulltrúar Sýslumanns við atkvæðagreiðsluna þannig að tryggt væri að alltaf væri einhver við. Laus skrifstofa við afgreiðslu var gerð upp þannig að þeir sem vildu greiða atkvæði gætu verið þar í næði.

Utankjörfundaratkvæðagreiðslan hófst í lok maí. Til að byrja með var lítið um að fólkkæmi til að greiða atkvæði heldur fóru bæjarbúar til sýslumanns og greiddu atkvæði þar en komu svo með atkvæðin á skrifstofu Hveragerðisbæjar.

Um 14. júní fór fólk að vita af því að hægt væri að kjósa á bæjarskrifstofum og fór þá fjölgandi þeim sem kusu hér og náði það hámarki þrjá síðustu dagana.

Mikil ánægja var hjá bæjarbúum með að geta kosið á bæjarskrifstofum frekar en að þurfa að fara til Sýslumanns á Selfossi. Þar voru líka lengri biðraðir en á bæjarskrifstofunum mynduðust ekki langar biðraðir.

Alls komu 114 aðilar til að kjósa á bæjarskrifstofum. Þar af voru 3 úr sveitarfélaginu Ölfus og 4 úr Reykjavík.

Nokkur vinna var á bæjarskrifstofum vegna atkvæðagreiðslunnar og má segja að það hafi verið um 50% starf í eina viku. Nokkuð mikil vinna fór í að skrá öll utankjörfundaratkvæði sem voru aðsend í fundargerðarbók en alls voru skráðir í fundargerðarbókina 211 atkvæði. Rétt er að það komi hér fram að ef að boðið verður upp á þessa þjónustu aftur má gera ráð fyrir að hér verði um 50% stöðu að ræða í tvær vikur þar sem líklegt er að enn fleiri munu í framtíðinni nýta sér það að geta kosið utankjörfundar í heimabyggð þar sem fyrirkomulagið verður þá orðið þekktara.

Annars var almenn ánægja á bæjarskrifstofum með þessa atkvæðagreiðslu og að geta boðið bæjarbúum upp á betri þjónustu.

114 kusu.

Norðurþing

Í sveitarfélaginu Norðurþingi var ákveðið að taka þátt í þessari tilraun og henni í raun tekið fagnandi, ekki síst í ljósi þess að auka þjónustu við íbúa í sveitarfélaginu, sem margir hverjir eiga um langan veg að fara til að greiða atkvæði við utankjörfundar-atkvæðagreiðslu.

Ákveðið var að bjóða upp á þessa auknu þjónustu á tveimur stöðum – á Kópaskeri og Raufarhöfn. Á báðum stöðum gekk atkvæðagreiðslan vel fyrir sig.

Á Kópaskeri var opið fyrir atkvæðagreiðslu frá 6. júní til 24. júní frá kl. 8–16 og greiddu 18 aðilar atkvæði þar á þeim tíma. Á Raufarhöfn var opið fyrir atkvæðagreiðslu mánadaga, fimmtudaga og föstudaga 1. júní til 24. júní frá kl. 12–15 og greiddu 25 manns atkvæði. Nokkuð var um að ferðafólk notfærði sér þessa auknu þjónustu á Raufarhöfn, auk heimafólks.

Varðandi kostnaðarmat, þá liggur það ekki fyrir en samið var við starfsfólk Norðurþings um að taka að sér þessa aukavinnu á vinnutíma án þess að greitt yrði sérstaklega fyrir það.

43 kusu.

Rangárþing ytra

Rangárþing ytra tók þátt í tilraunaverkefni um utankjörfundaratkvæðagreiðslu vegna forsetakosninga 2016. Atkvæðagreiðslan fór fram á skrifstofu sveitarfélagsins á Hellu og var opið fyrir atkvæðagreiðslu á opnunartíma skrifstofunnar þann tíma sem hún stóð yfir. Alls voru 83 sem kusu hjá okkur á þessu tímabili.

Reynslan af þessu verkefni var nokkuð góð hjá okkur. Það var tiltölulega einfalt að koma upp aðstöðu fyrir atkvæðagreiðsluna og starfsmaður okkar gat sinnt þessu meðfram öðrum verkefnum.

Helsti kosturinn við þetta fyrirkomulag er að gefa íbúum, sem þurfa að nýta sér utankjörfundaratkvæðagreiðslu, kost á að greiða atkvæði í sinni heimabyggð og auðvelda þannig aðgengi að kosningunni. Helsti gallinn var að aðeins einn starfsmaður mátti annast atkvæðagreiðsluna. Það þýddi að þessi starfsmaður var bundinn til að vera til staðar allan þann tíma sem að kjörstaðurinn var opinn. Getur verið ókostur þegar t.d. kosningar eru að sumri til eins og var að þessu sinni. Það væri strax auðveldara ef að t.d. tveir aðilar mættu sjá um atkvæðagreiðsluna.

Helstu kostnaðarliðir eru annars vegar kostnaður við að koma upp aðstöðu fyrir atkvæðagreiðsluna og hins vegar vinna starfsmanns sem sá um atkvæðagreiðsluna. Kostnaðurinn við að koma upp aðstöðunni lá aðallega í vinnu þar sem við notuðum efni sem til var. Hér fylgir gróft mat á kostnaðinum við atkvæðagreiðsluna.

Uppsetning 4 klst. @ 6.500 = 26.000. Atkvæðagreiðsla 20 klst. @ 3.500 = 70.000. Samtals kostnaður 96.000 kr.

83 kusu.

Skaftárhreppur

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla fór fram á opnunartíma skrifstofu Skaftárhrepps sem er á mánudögum frá 10:00-14:00 og föstudögum frá 10:00-13:00. Alls nýttu sér 63 einstaklingar þessa þjónustu og heyrðum við ekki annað en fólk væri almennt ánægt með þetta fyrirkomulag. Þar af voru um 15 atkvæði sem bárust utan frá og fóru beint í kjörkassann án mikillar fyrirhafnar starfsmanna. Ákveðið var að tveir aðilar á skrifstofu Skaftárhrepps myndu taka að sér að vera trúnaðarmenn sýslumanns til að koma í veg fyrir að ekki væri hægt að sinna þjónustunni ef veikindi yrðu. Ætla má að hver afgreiðsla vegna utankjörfundar hafi tekið um 10-15 mínútur sem gera u.þ.b. 12 klst. af vinnu starfsmanna. Gera má ráð fyrir að undirbúningur vegna utankjörfundar hafi verið um 2 klst. í heildina. Það ætti því að vera hægt að gera einhverja kostnaðargreiningu út frá þessum upplýsingum.

Það sem helst hefði mátt betur fara var afgreiðsla utankjörfundaratkvæða sem fara áttu til annarra sveitarfélaga. Skrifstofan gat boðist til þess að koma atkvæðum í póst til miðvikudagsins 22. júní sl. kl. 12 á hádegis, en eftir það þurfti fólk að sjá um að koma atkvæðinu sínu sjálft til sinnar kjörstjórnar. Ekkert í auglýsingum frá Sýslumanni kom fram varðandi þetta og því voru nokkrir mjög ósáttir sem komu eftir þann tíma að kjósa hjá okkur og komust að því á það væri á þeirra eigin ábyrgð að finna far fyrir atkvæðið. Einhverjir höfðu meira að segja fengið þær upplýsingar frá sýslumannsembættinu að sveitarfélagið myndi sjá um að koma atkvæðinu sama hvenær viðkomandi myndi kjósa.

Einnig vantaði betri og aðgengilegri upplýsingar varðandi hvert á að senda atkvæði til annarra kjörstjórna. Svörin hjá Innanríkisráðuneytinu voru að fólk ætti sjálft að finna út hvar væri kosið í þeirra heimabyggð og þangað ætti að senda atkvæðið. Þær upplýsingar gat fólk hins vegar alls ekki með góðu móti fundið sjálft og við vorum í erfiðleikum með að finna það út líka. Eðlilegt væri að slíkar upplýsingar væru mjög aðgengilegar á kosning.is svo fljótlegt sé að fletta þessu upp.

60 kusu.

Skútustaðahreppur

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna forsetakosninga þann 25. júní 2016 fór fram á skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6 frá 6. júní til og með 24. júní.

Í upphafi var skipaður kjörstjóri í sveitarfélaginu Skútustaðahreppi, Rannveig Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Skútustaðahrepps, af sýslumanni Norðurlands eystra, til að annast utankjörfundaratkvæðagreiðsluna. Sýslumaður afhenti fundargerðarbók ásamt því innsigla kjörkassa vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Í framhaldinu voru síðan stimplar með nöfnum frambjóðenda ásamt stimpli merktum kjörstjóra, kjörseðlar og önnur fylgigögn send á skrifstofu Skútustaðahrepps.

Alls voru það 64 manns sem nýttu sér að kjósa utan kjörfundar hjá Skútustaðahreppi. Enginn kjósandi þurfti aðstoð við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Utankjörfundaravgreiðslan gekk vel fyrir sig þó að húsnæði hefði mátt vera betra. Kaffistofa starfsmanna sveitarfélagsins var notuð sem kjörklefi, en henni var hægt að loka þannig að kosning færi fram í einrúmi.

Almenn ánægja var meðal íbúa sveitarfélagsins um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslunnar. Var það almennt skoðun þeirra að þetta fyrirkomulag væri betra en það fyrirkomulag að kjósa hjá sýslumanni, en næsta embætti sýslumanns er á Húsavík.

Varðandi kostnað við þjónustu tengda utankjörfundaratkvæðagreiðslu þá voru öll aðföng, þ. á m. fundargerðarbók, stimplar, kjörseðlar og umslög send okkur þannig ekki kom til beins kostnaðar Skútustaðahreppar vegna þessa. Launakostnaður var enginn þar sem skrifstofustjóri Skútustaðahrepps sá um framkvæmd kosninganna. Hins vegar er það ákveðinn ókostur að engin laun séu greidd til skipaðs kjörstjóra utankjörfundaratkvæðagreiðslu, þar sem aukaálag og vinna tengdist framkvæmd kosninganna. Líkt og áður kom fram var húsnaði sveitarfélagsins nýtt þannig ekki kom til kostnaðar vegna þessa.

64 kusu.

Sveitarfélagið Ölfus

Utankjörfundaratkvæðagreiðslan í Þorlákshöfn hófst þann 1. júní sl. og stóð fram að kjördegi. Hún fór fram á skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum opnunartíma hennar frá kl 09:00–16:00 alla virka daga.

Einn starfsmaður sveitarfélagsins sinnti þessu verkefni. 86 aðilar eða tæplega 7% kjósenda á kjörskrá nýttu sér þessa auknu þjónustu.

Reynslan af þessu verkefni var mjög góð. Allir kjósendur lýstu mikilli ánægju með að geta kosið í heimabyggð. Engir gallar eru á því að sveitarfélagið muni sinna þessari þjónustu áfram og lýsir það sig reiðubúið að gera svo, en eðlilegt væri að eitthvert afgangur komi fyrir verkefnið frá ríkinu sem með sanni á að sinna þessu.

Hvað varðar kostnaðarmat þá er erfitt að gera það. Starfsmaðurinn var í vinnu og sinnti þessu með öðrum störfum sínum eftir því sem kjósendur komu – margir suma daga og færri aðra.

86 kusu.

Pingeyjarsveit

Sýslumaður kom með kjörgögn til okkar á skrifstofu Pingeyjarsveitar og fór yfir vinnureglur og fyrirkomulag vegna kosninga.

Á skrifstofu Pingeyjarsveitar sinnti ritari/bókari starfi kjörstjóra. Við útbjuggum kjörklefa og aðstöðu fyrir kjörstjóra á skrifstofu sem ekki var í notkun. Skrifstofan var höfð læst á milli þess sem menn komu til að kjósa.

Kjörsókn var töluverð en alls kusu hér 60 manns. Hægt var að kjósa á opnunartíma skrifstofu og voru íbúar Pingeyjarsveitar almennt ánægðir með þetta fyrirkomulag. Íbúar utan Pingeyjarsveitar sem nýttu sér þessa þjónustu virtust almennt ekki gera sér grein fyrir því að þeir þyrftu sjálfir að koma atkvæði sínu til sinna kjördeilda. Það þyrfti kannski að brýna það fyrir kjósendum.

Mest var kjörsókn síðustu daga fyrir kjördag og því töluverð aukavinna fyrir starfsmann að sinna þessu með annar vinnu, en allt gekk þetta vel fyrir sig og í heild á litið skemmtileg tilbreyting í starfi.

60 kusu.

Uppsveitir Árnessýslu - byggingarfulltrúi

Undirbúningur var mjög góður. Sýslumaðurinn á Suðurlandi kom sjálf á staðinn, afhenti öll gögn og útskýrði vel hvernig þau ætti að meðhöndla þannig að utankjörfundaratkvæðagreiðslan færi rétt fram. Aðgangur að sýslumanni og öðrum sem málið varðaði var góður og allar upplýsingar lágu þægilega handhægar.

Það mætti þó setja út á hvernig kjörstaður var auglýstur. Mjög fáir mættu til að kjósa framan af og það var ekki fyrr en í síðustu viku fyrir kosningar að kjósendur mættu til að

nýta sér þessa aðstöðu. Aðspurt sagðist fólk hafa farið á Selfoss til að kjósa þar sem það vissi ekki af þeim möguleika að kjósa hér. Lýsti það óánægju sinni með að þetta hefði ekki verið auglýst betur.

Á staðnum voru kjósendur teknir afsíðis, skráðir og þeim afhent gögn en síðan voru þeir sendir inn í fundarherbergi þar sem þeir höfðu næði til að kjósa í einrúmi. Aðstaðan er ekki fullkomin en nægilega þægileg til þess að allt náði að ganga vel fyrir sig og það fór ekkert á milli mála að kjósendur voru hæstánægðir með þennan möguleika.

Póstþjónustan, þ.e. að pósturinn kemur á staðinn annan hvern dag, olli smávægilegum óþægindum undir lok tímabilsins en þó ekki alvarlegum.

20 kusu.